

**A 1678/kultur**

Afgreiðsla:
Norræna þekkingar- og
menningarnefndin

Málsnúmer 16-00114-9

Norræna þekkingar- og menningarnefndin
þekkingar- og menningarnefndar um

þingmannatillögu um að efna til leiðtogafundar um málefni íþróttar

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær eigi samstarf við norrænu íþróttasamböndin um að efna til norræns leiðtogafundar annað hvert ár um málefni keppnis- og almenningsíþróttar.

Forsaga

Norðurlandaráði hefur borist þingmannatillaga flokkahóps jafnaðarmanna.

Þingmannatillaga A 1678/kultur um að efna til leiðtogafundar um málefni íþróttar var kynnt þingheimi á þemaþingi Norðurlandaráðs í Ósló, 19. apríl 2016. Norræna þekkingar- og menningarnefndin fjallaði um þingmannatillöguna í fyrsta sinn á fundi nefndarinnar í Þrándheimi, 2. ágúst 2016.

Umsagnir þátttakenda leiðtogafundarins um málefni íþróttar bentu til þess að fundurinn hafi verið gefandi, samræður hafi verið góðar og var óskað eftir því að slíkir fundir yrðu haldnir reglulega. Þó hefðu mátt vera fleiri þátttakendur úr röðum stjórnmalafólks á Norðurlöndum.

Tillögu um reglulega leiðtogafundi um málefni íþróttar var að finna í tilmælum 27/2014 um *norrænt samstarf um keppnis- og almenningsíþróttir*. Í svari Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælunum skuldbindur hún sig ekki til að halda reglulega leiðtogafundi um málefni íþróttar. Var því haldinn pólitískur samráðsfundur með menningarmálaráðherrunum á þinginu í Reykjavík 2015. Menningarmálaráðherrarnir veittu því eftirtekt að vel hafi tekist til með leiðtogafundinum um málefni íþróttar sem fram fór í september 2015. Danski ráðherrann sem hafði setið fundinn sagði hann hafa verið gagnlegan og mikilvægan. Ekki náðist sú niðurstaða að efna skyldi til fleiri leiðtogafunda um málefni íþróttar.

Sjónarmið nefndarinnar

Þau málefni sem rædd voru á leiðtogafundinum í Álaborg um málefni íþróttanna eru enn aðkallandi. Ýmis viðfangsefni og vandamál blasa við í heimi íþróttanna. Lyfjamisnotkun, spilling, hagræðing úrslita, fótbolta-bullur og glæpastarfsemi eru aðeins nokkur dæmi þess sem brýtur í bága við siðferðisreglur íþróttanna og grefur undan samfélagslegu lögmæti þeirra. Nefndin telur afar verðmætt að norrænir ráðherrar, stjórnmalafólk, embættismenn, fulltrúar spilafyrirtækja, lögreglu og íþróttasamtaka fundi og ræði sameiginleg viðfangsefni og lausnir á vandamálunum.

Flóttamannavandinn og sá fjöldi hælisleitenda sem komið hefur til Norðurlanda á undanförunum árum eykur á mikilvægi þess að ræða hlutverk íþróttanna til að skapa góða aðlögun.

Nú leiddi pólitískt samráð við norrænu menningarmálaráðherrana ekki til þess að efnt verði til fleiri leiðtogafunda um málefni íþróttanna. Flokkahópur jafnaðarmanna leggur því fram nýja þingmannatillögu þess efnis að efnt verði til leiðtogafundar um málefni íþróttanna.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin tekur undir þau rök sem færð eru fyrir þingmannatillögunni um að *efna til leiðtogafundar um málefni íþróttanna*.

Stokkhólmi, 28. september 2016

Cassandra Sundin (SD)
Eva Sonidsson (S)
Iddimanngiuu Bianco (IA)
Johan Andersson (S)
Johanna Karimäki (gröna)
Lars-Arne Staxäng (M) formaður
Lars Mejern Larsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)

Maria Stockhaus (M)
Paavo Arhinmäki (vänst)
Peter Johnsson (S)
Roland Utbult (KD)
Ruth Vang (Framsókn)
Tony Wikström (ÅSD)
Ville Tavio (saf)

Norðurlandaráð

A 1678/kultur

Afgreiðsla:
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Málsnúmer 16-00114-9